

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

03/4. tbl. • Mars/Apríl 2003

Umbreyting íslensks atvinnulífs

Tíunda Iðning Samtaka iðnaðarins var haldið föstudaginn 14. mars. Meginviðfangsefni Iðnings að þessu sinni var umbreyting íslensks atvinnulífs og einkum staldrað við árin 1993, 2003 og 2013.

Ályktun Iðnings

Ályktun þingsins endurspeglar jafnan hvað félagsmenn Samtaka iðnaðarins telja brýnast á hverjum tíma.

Þar segir: „Komið er að ögurstund í efnahagsmálum þjóðarinnar. Að baki eru ár stöðunar eftir langt hagvaxtarskeið en framundan eru mestu verklegar framkvæmdir í sögu þjóðarinnar. Undanfarin misseri hafi einkenst af sveiflum í gengi og verðlagi en þessi umskipti auka mjög

hættuna á að stjórn efnahagsmála fari úr böndunum. Á sama tíma heldur Seðlabankinn uppi stífu aðhaldi með háum vöxtum en þetta tvennt ber vott um skort á samstillingu í stjórn efnahagsmála. Því þarf samstillt átak stjórnvalda, Seðlabanka og atvinnulífs til að þjóðin komist klakklaust gengum þá umbrotatíma sem framundan eru. Ekki má einblína á verðbólguþjálfun og beita vaxta- og gengisstefnu sem kyrkir atvinnulífð.“

Úrslit í stjórnarkjöri

Kosið var til stjórnar og ráðgjafaráðs með almennri póstkosningu venju samkvæmt. Alls gáfu 10 kost á sér til stjórnarsetu. Niðurstaðan varð sú að flest atkvæði hlutu Hörður Arnarson, Marel hf., Eiður

Haraldsson, Háfelli ehf., sem voru báðir í stjórninni fyrir en Guðlaugur Adolfsson, Fagtaki ehf. og Sigurður Bragi Guðmundsson, Plastprenti hf., koma nýir í stjórnina. og sitja í stjórn næstu tvö árin. Fyrir í stjórn SI eru Baldur Guðnason, Sjöfn hf., Halla Bogadóttir, Höllu Boga gullsmíði og Hreinn Jakobsson, Skýrr hf. Helmingur stjórnar er kosinn hverju sinni til tveggja ára í senn. Formaður var kosinn Vilmundur Jósefsson, Gæðafæði ehf. og er þetta í fjórða sinn sem hann er kosinn formaður.

Könnun á viðhorfi félagsmanna til ESB

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum fyrir hádegi kynnti Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri

SI, niðurstöður nýrrar viðhorfsrannsóknar sem Gallup gerði fyrir SI meðal félagsmanna og almennings um Evrópumál og þjónustu SI. Af sex spurningum, sem lagðar voru fyrir félagsmenn um Evrópumál, urðu svör jákvæð við 5 þeirra en neikvæð í einu en það var þegar spurt var hvort menn væru hlynntir eða andvígir aðild Íslands að ESB. Þegar einungis er litið til



Með gamla laginu

Það er alveg eftir bókinni að bregðast við samdrætti og auknu atvinnuleysi með því að auka opinber útgjöld og flýta verklegum framkvæmdum. Það veldur hins vegar vonbrigðum hversu einhæfar og illa undirbúnar þessar aðgerðir eru.

Óhannaðar framkvæmdir

Það kemur sem sé í ljós að þeir sem standa eiga fyrir þessum auknu framkvæmdum vita vart hvaðan á þá stendur veðrið. Mörg þessara verkefna eru ýmist óhönnuð eða á byrjunarstigi. Til að byrja með eru þessar aðgerðir aðallega atvinnuskapandi á verkfræðistofum. Það er í sjálfu sér ekkert að því að verkfræðingar og arkitektar hafi nóg að gera. Hitt er verra að hætt er við að þessi verk dragist á langinn og lendi ofan í þau stórverkefni sem framundan eru og þjóðin bíður eftir með glímuskjálfta.

Verklegar framkvæmdir ýmist í ökkla eða eyra

Jarðvinnu- og byggingaverktakar eru í þeirri erfiðu stöðu að vera sífellt miðpunktur efnahagsaðgerða. Þegar draga þarf úr



útgjöldum er byrjað á að fresta framkvæmdum og skera niður framlög til vegagerðar. Þegar hins vegar þarf að sporna við atvinnuleysi eða þegar til stendur að kjósa, nema hvort tveggja sé, er auðið fé til vegagerðar og verklegar framkvæmdir auknar á öllum sviðum. Margir verktakar hafa af því áhyggjur að í þessu útkalli stjórnvalda muni margur sótraftur verða á sjó dreginn sem lítill fengur verði að fá í hóp íslenskra bygginga- og jarðvinnuverktaka. Sumum þykir gott að njóta athyglinnar en það hefur ekki orðið íslenskum verktökum til góðs að vera miðpunktur efnahagsaðgerða. Um það vitnar mikill fjöldi smáfyrirtækja í þessum greinum, léleg fjárhagsstaða þeirra og tíð gjaldþrot.

Samstaða um stefnu

Aðrar þjóðir horfa til Finna og Íra með aðdáun fyrir það hvernig þeim hefur, á örfáum árum, tekist að rífa sig upp í efnahagslegu tilliti. Þessar þjóðir hafa lagt höfuðáherslu á að efla verk- og tækni-menntun, vísinda- og þróunarstarf. Forðæmi þessara þjóða er ekki síður athyglisvert fyrir það að um þessa stefnu virðist mikil samstaða meðal ólíkra stjórnmalaflokka, atvinnugreina og raunar þjóðarsátt í þessum ríkjum. Á Íslandi fer ekki fram nein umræða, hvorki á Alþingi eða milli stjórnvalda og atvinnulífs, um hvernig best sé að bregðast við samdrætti og vaxandi atvinnuleysi. Hefði t.d. ekki verið ómaksins vert að ræða það að ráðstafa hluta af andvirði ríkisbankanna til þess að efla Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins eða nýja Tækniþróunarsjóðinn?

Áhyggjur af ósamstilltri efnahagsstjórn

Í ályktun Iðnþings um miðjan síðasta mánuð er lýst miklum áhyggjum af því hversu hætt sé við að stjórn efnahagsmála fari úr böndunum á næstu árum í stærstu

framkvæmdum Íslandssögunnar sem framundan eru. Þar er talað um að samstillt átak þurfi til þess að þjóðin komist klaklaust í gegnum þá umbrotatíma sem framundan eru. Í ályktuninni segir „að á sama tíma og opinberir aðilar boða stóraukin framlög til framkvæmda og flýta öðrum sem mest má verða, heldur Seðlabankinn uppi stífu aðhaldi með háum vöxtum. Það vantar greinilega samstillingu í efnahagsstjórnina.“

Kalla skattalækkanir á vaxtahækkanir?

Síðan Iðnþing var haldið hefur það svo gerst að stjórnmalaflokkarnir hafa farið hamförum og keppast við að lofa skattalækkunum ef þeir fá til þess stuðning í komandi kosningum. Viðbrögð hagfæðinga við þessum tillögum eru flest á þá lund að skattalækkanir við þessar aðstæður séu stórhættulegar og geti ekki leitt til annars en vaxtahækkana. Það eru á hinn bóginn heldur dapurleg skilaboð fyrir forsvarsmenn íslenskra fyrirtækja sem búið hafa við tvöfalda og stundum þrefalda vexti miðað við keppinauta í nágrennlöndum í nærri heilan áratug. Hvernig er það annars með okkar ágætu stjórnmalamenn. Hafa þeir engar áhyggjur af því hvernig við ætlum að haga hagstjórninni næstu fjögur ár? Um það er ekkert rætt og svo sem heldur ekkert spurt í fjölmiðlum.

Sama gamla tuggan

Dæmigert fyrir umræðuna á vettvangi fjölmiðla er að Ríkissjófnvarpið fer af stað með sína hefðbundnu þáttagerð um íslenskt atvinnulíf. Þessir þættir eru nákvæmlega eins og þættirnir fyrir fjórum árum enda sama fólk sem þá gerir. Rætt er um kvóta í landbúnaði og kvóta í sjávarútvegi. Ekkert er rætt um nútíma atvinnulíf eða hvernig við ætlum að efla hér sjálfbærar hagvöxt til framtíðar. Ekkert er rætt um upplýsingatækni, uppbyggingu í iðnaði og þjónustu. Þegar kemur að því að fjalla um mestu framkvæmdir Íslandssögunnar er hvorki rætt við hagfræðinga né forsvarsmenn verktaka- eða byggingafyrirtækja heldur bónda sem stendur í jötunni og er að gefa kúnum. Sem sagt allt með gamla laginu.

Sveinn Hannesson

Samtök iðnaðarinnar
Federation of Icelandic Industries

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

03/4. tbl. Mars/Apríl 2003

Fór í prentsmiðju: 14.04.2003

Prentvinnsla: Prenttækni hf.

Ljósmyndir: Odd Stefán, Arnaldur

Halldórsson, Jóhannes Long

Útgefandi: Samtök iðnaðarinnar

Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík

Sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala 511093-2019

www.si.is, netfang: thora@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson

Ritstjóri: Haraldur D. Nelson

Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr

Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta.

Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir

að geta heimildar í slíkum tilvikum.



Stjórn Samtaka iðnaðarins heiðraði frú Ingileif Bryndísi Hallgrímsdóttur á Iðnþingi 14. mars sl. en hún hefur gegnt formennsku í stjórn Nóa - Síriusar í tæp 50 ár. Af því tilefni færði formaður SI, Vilmundur Jósefsson, Ingileifi blómvönd og glerskál frá Bergvík að gjöf frá Samtökum iðnaðarins.

Nýir stjórnarmenn Samtaka iðnaðarins



Sigurður Bragi Guðmundsson er nýr liðsmaður í stjórn Samtaka iðnaðarins.

Hann er fæddur árið 1958 og hefur starfað við iðnað með einum eða öðrum hætti frá 17 ára aldri. Sigurður lauk námi í iðnaðar- og kerfisverkfræði og gegnir nú starfi framkvæmdastjóra Plastprents og Sigurplasts hf. en er einnig starfandi stjórnarformaður Unifleks í Lettlandi. Hann hefur setið í stjórn Skipasmíðastöðvar Þorgeirs og Ellerts á Akranesi frá 1995. Á árunum 1997–2001 var Sigurður formaður stjórnar Alpan á Eyrarbakka.

Umbreyting íslensks atvinnulífs framhald af forsiðu

Þeirra, sem tóku afstöðu sögðust 44% hlynnt aðild en 56% andvíg. Hins vegar þegar spurt var: „Ertu hlynntur eða andvígur því að taka upp aðildarviðræður við ESB?“ sögðust tæp 70% hlynnt en 20% andvíg. Varðandi þá spurningu var svipað uppi á teningnum hjá almenningi, 64% sögðust hlynnt því að teknar yrðu upp aðildarviðræður við ESB en 25% voru andvíg.

Almenn ánægja virðist ríkja í röðum félagsmanna SI með störf Samtakanna. Áttatíu af hundraði eru ánægðir með þjónustuna og 85 af hundraði ánægðir með málflutning þeirra almennt.

Umbreyting íslensks atvinnulífs

Eftir hádegi fluttu formaður og iðnaðarráðherra ræðu en auk þeirra héldu fjórir þjóðkunnir menn erindi sem fjölluðu um umbreytingu íslensks atvinnulífs á sl. tíu árum og hvernig þar verður umhorfs eftir önnur tíu ár. Róbert Wessman, forstjóri

Pharmaco hf./Delta hf., fjallaði um útrás, útflutning og fjárfestingar erlendis, Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, fjallaði um samsetningu atvinnulífsins og líklegar breytingar næsta áratug, Þórólfur Árnason, borgarstjóri í Reykjavík, ræddi um starfskilyrðin og hvernig við fáum erlend fyrirtæki til landsins og hvað sé á því að græða. Að lokum fjallaði Þorvaldur Gylfason, prófessor við Háskóla Íslands um stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna og hvar við verðum árið 2013.

Iðnþing var fjölsótt að vanda og lauk með glæsilegu árshófi um kvöldið. Veislustjóri var Theódór Blöndal en ræðumaður kvöldsins var Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Útflutningsráðs.



Guðlaugur Adolfsson er nýr liðsmaður í stjórn Samtaka iðnaðarins.

Hann er fæddur árið 1960 og er húsasmíðameistari að mennt. Síðastliðin 16 ár hefur hann rekið byggingafyrirtækið Fagtak ehf. sem hefur sérhæft sig í byggingu og sölu íbúðarhúsnæðis.

Guðlaugur hefur lengi haft áhuga á hagsmunamálum iðnfyrirtækja og m.a. setið í stjórn Meistarafélags iðnaðarmanna í Hafnarfirði frá 1994 og gegnt formennsku í því félagi sl. þrjú ár. Undanfarin ár hefur hann átt sæti í ráðgjafaráði SI og í stjórn Samtaka atvinnulífsins.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra

Útdráttur úr ræðu á Iðnþingi

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra kom víða við í ræðu sinni á Iðnþingi. Hún gat þess m.a. að þau liðlega þrjú ár, sem hún hefði gegnt starfi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefði samkeppnisstaða atvinnulífsins verið viðvarandi úrlausnarefni og það skipti sig miklu að þau mörgu mál sem grunnur hefði verið lagður að nái að skila þeim ávinningi sem að var stefnt.

„Fyrir rétttri viku lauk eignarhaldi ríkisins á bönkunum. Sú sala var síðasti áfangi í sölu gömlu ríkisbankanna en það ferli hófst með hlutavæðingu ríkisbankanna og endurskipulagningu fjárfestingarlánakerfisins árið 1997. Umhverfi fjármagnsmarkaðarins hefur einkennst af hröðum breytingum og harðnandi samkeppni. Sala ríkisins mun eflaust skerpa þá samkeppni með bættri þjónustu fyrir okkur öll og lækkandi vöxtum. Íslensk fjármálafyrirtæki hafa reyndar verið einstaklega dugleg að endurskilgreina starfsemi sína og sækja á erlenda markaði í auknum mæli. Sókn bankanna er ákaflega mikilvæg fyrir útrás íslensks atvinnulífs.

Sala Landsbanka, Búnaðarbanka og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hefur skapað ríkissjóði yfir 50 milljarða króna og andvirðið verið notað til að greiða erlendar skuldir og til ýmissa verkefna innanlands, s.s. samgöngubóta og atvinnuþróunar. Það hefur m.a. gert kleift að ráðast í veigamikil verkefni til eflingar búsetu á landsbyggðinni. Markmið byggðaáætlunar er að stuðla að aukinni fjölbreytni í atvinnulífi m.a. með því að efla menntun og nýsköpun. Byggðastefnan verður að taka mið af nýjum straumum og stefnum í vísindum og tækni, alþjóðavæðingunni og margbreytilegum þörfum íbúanna. Lögð hefur verið áhersla á að stunda markvisst atvinnuþróunarstarf um allt land en til að það verði árangurs-



Valgerður Sverrisdóttir

ríkt þarf að tengja saman sem flesta þætti atvinnulífsins, s.s. svo sem menntun, samfélagslega þjónustu, orkumál og samgöngur svo að nokkuð sé nefnt.

Lögð hefur verið áhersla á að bæta staðkerfi atvinnulífsins sem hefur til þessa verið nokkuð fastbundið atvinnugreinum. Staðkerfið hefur á sama hátt verið rígbundið verkaskiptingu ráðuneytanna og það hefur hamlað viðleitni til að styðja við nýsköpun. Stofnsetning nýsköpunarmiðstöðvar á Akureyri í desember hefur það markmið að bæta úr þessu. Iðntæknistofnun með IMPRU í fararbroddi verður bakhjarl starfseminnar. Miðstöðin mun sinna öllum sem þangað leita óháð atvinnugreinum. Á vegum hennar verða rekin stuðningsverkefni fyrir frumkvöðla og fyrirtæki í rekstri og veitt þjónusta fyrir atvinnuþróunarfélögin.

Með undirritun samnings við Alcoa um byggingu álvers í Reyðarfirði er nær þrjátíu ára barátta Austfirðinga í hófn. Þar er á ferðinni langstærsta einstaka verkefnið sem lýtur að því að efla byggð. Áhrifanna mun gæta víðar því að störfum mun fjölga um 1100 alls á landsvísi og útflutningur aukast um 10–14% eftir að framkvæmdum lýkur. Þá liggur fyrir að verksmiðja

Norðuráls verði stækkuð en eftir fulla stækkun verða 500 – 650 manns við störf í álverinu. Þetta mun hafa gríðarleg áhrif og styrkja búsetu á Vesturlandi enn frekar.

Nýsköpun atvinnulífsins með tilkomu þekkingarverðmæta er ekki síður mikils virði en stóriðjuframkvæmdir. Ekki verður þó horft fram hjá því að nýsköpunin hefur átt erfitt uppdráttar síðustu þrjú árin vegna skorts á áhættufjármagni í kjölfar samdráttar sem hófst fyrir þremur árum. Einkafjórðing hafa haldið að sér höndum og geta Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins til virkrar þátttöku í nýjum félögum er lítil um þessar mundir. Von mín er sú að fyrirsjáanlegar efnahagsbætur í tengslum við stóriðjuna eigi eftir að auka bjartsýni og framfarasókn nýsköpunar.

Aðkoma ríkisins að stuðningi við vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun hefur verið mótuð á nýjan leik með tilkomu Vísinda- og tækniráðs. Búast má við nýrri og ákveðnari stefnumótun af hálfu ríkisins við eflingu nýsköpunar og sprotafyrirtækja ekki síst með tilkomu Tækniþróunarsjóðs sem er sérstaklega ætlað að styðja við frumstig nýsköpunar. Það er mér mikið kappsmál að þessi ný sjóður geti látið til sín taka strax á næsta ári. Hvað varðar atvinnuþróun næstu tíu árin sýnist mér að atvinnulífið standi á þrem meginstöðum. Sjávarútvegur og fiskvinnsla munu áfram gegna veigamiklu hlutverki og ál verður næstmikilvægasta útflutningsvara okkar. Þriðja meginstöðin verður væntanlega framleiðsla og útflutningur þekkingarafurða og þekkingarþjónustu. Ég er þeirrar skoðunar að þekkingariðnaðurinn fari vaxandi og eftir tíu ár verði krafturinn þar mestur.

Ég óska Samtökum iðnaðarins til hamingju með 10 ára afmælið og alls hins besta á komandi árum og þakka einstaklega ánægjulegt samstarf á kjörtímabilinu.“



Vilmundur Jósefsson, formaður SI

Útdráttur úr ræðu á Iðnþingi

Vilmundur gat þess m.a. í setningar-ræðu sinni á tíunda Iðnþingi að á slíkum tímamótum væri við hæfi að staldra við og meta hvað hefði áunnist og hvað væri framundan. Starf Samtakanna hefði verið farsælt og vel hefði tekist að sinna fjölbreyttum og gerólíkum þörfum og óskum félagsmanna. Félagsmenn kæmu úr öllum greinum iðnaðarins allt frá handverki til stóriðju.

Yfirgnæfandi meirihluti sáttur við störf SI

„Frá upphafi hafa Samtök iðnaðarins lagt áherslu á að virkja félagsmenn við stefnumótun og stjórn Samtakanna. Stefnumótunarfundur hafa verið haldnir reglulega og afrakstur þeirra verið hafður að leiðarljósi í starfinu. Viðhorfskönnun, sem Gallup gerði nýlega meðal félagsmanna fyrir Samtökin, leiddi í ljós að 85% eru sátt við málflutning SI og 81% ánægð með þjónustuna. Þessi niðurstaða er Samtökunum mikil hvatning til að halda áfram á sömu braut.

Evrópumálin

Allt frá upphafi hafa samtök iðnaðarins látið sig Evrópumálin miklu skipta. Það er algerlega óumdeilt að EES-samningurinn var mikið heillaspor fyrir Íslendinga og hefur leitt af sér, beint og óbeint, mestu og bestu breytingar á starfsskilyrðum íslensks atvinnulífs. Stöðugleiki er það sem við þurfum umfram allt að tryggja iðnaðinum og raunar öllu atvinnulífi. Samtökin hafa litið svo á að til að tryggja stöðugleika og vaxtakjör sambærileg þeim, sem tíðkast í samkeppnislöndum okkar, sé brýnt að Ísland verði fullgildur aðili að Evrópumarkaðinum og þar sé mikilvægast að taka upp evruna eins og fram kom í ályktun Iðnþings 2002. Í nýlegri viðhorfskönnun, sem Gallup gerði fyrir SI um Evrópumálin, kemur fram að meirihluti vill taka upp aðildarviðræður og telur aðild hagstæða fyrir sitt fyrirtæki. Hann vill að evran verði tekin upp og er sáttur við málflutning SI í Evrópumálum. Þrátt fyrir það er meirihluti á móti aðild þegar könnunin var gerð. Hin efnahagslegu rök eiga góðan hljómgrunn meðal félagsmanna og þeir vilja að teknar verði upp aðildarviðræður en einhverjir aðrir þættir valda því að þrátt fyrir það eru fleiri andvígir aðild á þessu stigi.



Vilmundur Jósefsson

Arðsemi höfð að leiðarljósi

Samtökin hafa jafnan hvatt til þess að arðsemi sé höfð að leiðarljósi þegar ráðist er í framkvæmdir. Varlega þarf að fara við ráðstöfun opinbers fjár og reyna að beina því í þann farveg að það verði til hagsbóta fyrir landslýð allan og stuðli að vexti og framþróun atvinnulífsins. Þetta er sérstaklega mikilvægt núna þegar við stöndum frammi fyrir mestu framkvæmdum Íslandssögunnar og höfum náð mikilvægum áföngum í einkavæðingu með sölu ríkisbankanna. Á sama tíma skortir tilfinnanlega fé til vísinda-, og tækniþróunar- og nýsköpunarstarfs í landinu. Samtökin hafa miklar áhyggjur af að Rannsóknasjóði og Tækniþróunarsjóði verði ekki tryggt nægilegt fjármagn og ég skora á stjórnvöld að veita fé til Tækniþróunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Með því væri horft til framtíðar og búið í haginn fyrir atvinnulíf sem verður að vera fært um að vera uppspretta atvinnu og hagsældar þegar framkvæmdaaldan, sem nú er að rísa, hnígur á ný.

Samkeppni sama hvað hún kostar

Samtök iðnaðarins hafa alltaf talið einn af helstu kostum EES-samningsins að með honum fengum við löggjöf í takt við það sem tíðkast í öðrum Evrópulöndum. Ný samkeppnislög breyta því ekki að íslenski markaðurinn er smár og fákeppni, jafnvel einokun, einkennir hann á mörgum sviðum. Hitt er verra að samkeppnisyriföld virðast stundum líta svo á að hlutverk

þeirra sé að tryggja sem lægst vöruverð til skamms tíma en kemur lítið við þótt erlendir keppinautar beiti íslensk fyrirtæki bolabrögðum. Samkeppnislög Evrópuríkja eru ekki samræmd. Við eigum að nýta það svigrúm sem við höfum til að sníða íslenska löggjöf að eigin þörfum á þessu sviði sem öðrum. Markaður okkar er smár og fyrirtækin fá og smá í samkeppni við mun stærri fyrirtæki. Íslensk löggjöf á að taka mið af þessu.

Stöðugleikatímabil

Síðasti áratugur var lengsta tímabil stöðugleika í sögu íslenska lýðveldisins. Á þessum árum hafa iðnaður og aðrar samkeppnisgreinar blómstrað og stóraukið hlutdeild sína í landsframleiðslunni. Hagvöxtur hefur verið hér talsverður en það, sem tíðindum sætir, er að sá hagvöxtur kom ekki úr hafinu í formi aukins afla eða verðhækkana á fiskmörkuðum erlendis. Þetta er ánægjuleg þróun og ber vitni um að atvinnulíf okkar er að verða þróaðra og tæknivæddara. Þann skugga ber þó á að hagvöxtur undanfarinna ára var að hluta byggður á sandi eða öllu heldur tekinn að láni erlendis.

Undarlegt ástand

Gengi krónunnar var og er hins vegar ekki í neinu jafnvægi. Það hækkaði umtalsvert á ný á síðasta ári en var að meðaltali yfir árið nálægt því sem þarf til að viðskipti okkar við önnur lönd séu í jafnvægi og afkoma útflutnings- og samkeppnisgreina viðunandi en samkeppnisstaða iðnaðar, sjávarútvegs og annarra samkeppnisgreina hefur farið versnandi jafnt og þétt með frekari gengishækkun krónunnar. Svo er nú komið að þanþol þessara greina er að bresta.

framh. bls. 10



Útrásin útflutningur og fjárfestingar erlendis

Útdráttur úr erindi Róberts Wessman, forstjóra á Iðnþingi

Pharmaco hf. varð til við sameiningu lyfjafyrirtækjanna Delta og Pharmaco í september árið 2002 undir nafni Pharmaco. Frá árinu 2001 hafa bæði fyrirtækin fjárfest í fjölda fyrirtækja bæði innanlands og utan. Pharmaco hf. er nú eitt verðmætasta félagið Kauphöll Íslands og áætlað verðmæti þess er um 45 milljarðar króna. Það er því vel í stakk búið til að takast á við erlenda samkeppni.

„Pharmaco var stofnað árið 1956 en hóf framleiðslu á lyfjum fjórum árum síðar. Það starfaði í fyrstu aðeins á heimamarkaði en árið 1972 gerðist það umboðsaðili fyrir nokkur þekkt erlend lyfjafyrirtæki. Pharmaco var sameinað Balkanpharma í Búlgaríu árið 2000. Þar varð mikil uppbygging og ný verksmiðja opnuð árið 2002.

Delta var stofnað árið 1981 en hóf starfsemi sína í Hafnarfirði árið 1983. Delta hóf útflutning árið 1989 þar eð heima-markaður þótti of lítill til að skila fullnægjandi arði. Ný verksmiðja var reist í Hafnarfirði árið 1998. Starfsmenn eru um 350 og Delta er nú stærsta lyfjafyrirtæki á Íslandi og hefur um 17% markaðshlutdeild.

Samanlögð velta Pharmaco og Delta er áætluð um 24.6 milljarðar króna á síðasta ári. Starfsemi félagsins er í 14 löndum og starfsmenn um 7.400 talsins.

Markmið Pharmaco er að vera alþjóðlegt fyrirtæki í þróun og sölu samheitalyfja á alþjóðlegum markaði. Aðalstjórnendur eru tveir en verkaskiptingin skýr. Róbert Wessman ber ábyrgð á rekstri Pharmaco samstæðunnar en Sindri Sindrason skoðar kaup á fyrirtækjum sem geta hentað Pharmaco. Í þeim efnum hafa m.a. verið skoðuð fyrirtæki í Svíþjóð, Póllandi og víðar.

Keppinautar Pharmaco á samkeppnis-



Róbert Wessman

markaði eru víða um heim, smáir sem stórir. Mikilvægt er að vera fyrstur á markað og vanda til þróunarvinnunnar. Aðalatriðið er að vera tilbúinn á markað þegar einkaleyfi renna út. Það er hægt á Íslandi, Möltu og annars staðar þar sem framleiðendur frumlyfja hafa ekki sótt um einkaleyfi en lengi vel hafa þeir ekki hugað að skráningu á litlum markaðssvæðum og Delta og Pharmaco hafa fært sér það í nyt.

Fyrir fimm árum var samanlagt verðmæti fyrirtækjanna tveggja um 5 milljarðar króna en er nú 45 milljarðar. Gengi bréfa Pharmaco hefur hækkað úr 13,6 í 75 frá árinu 1999. Innri vöxtur Pharmaco samstæðunnar ræðst einkum af fjórum þáttum, framleiðslugetu, fjölda nýrra lyfja á markað og þróun þeirra, öflugri sölustarfsemi og hæfileikaríku starfsfólki. Þessir þættir skipta sköpum um framtíðararðsemi fyrirtækisins. Heildarframleiðslugeta Pharmaco samstæðunnar er alls um 14 milljarðar tafna, þar af eru 10 milljarðar framleiddar í Búlgaríu en 1,1 milljarður hér á landi.

Megináherslan í starfsemi Pharmaco um þessar mundir er þróun samheitalyfja og

sala þeirra. Þekking á þróunar- og gæðamálum er hér á landi en framleiðslugetan mest erlendis. Þróunarsvið samstæðunnar sér til þess að jafnan sé lokið við þróun á 11-13 lyfjum á ári. Þróunareiningin á Íslandi þróar 7-9 lyf á ári og stefnt er að því að 25 ný lyf verði komin á markað til ársloka 2005. Ætlunin er að verksmiðjan á Íslandi verði notuð í auknum mæli til að þróa samheitalyf og afgreiða pantanir eftir að einkaleyfin renna út á erlendum mörkuðum.

Vörur eru bæði seldar undir eigin merkjum sem eru nokkur og merkjum viðskiptavina víða um heim, s.s. í Danmörku, Þýskalandi, Rússlandi, Litháen, Búlgaríu, Möltu og Ástralíu. Þá er stefnin fyrirtækið að því að fíkra sig inn á Bandaríkjamarkað og lönd á Arabíuskaga. Mest er selt til Búlgaríu og Þýskalands eða um 20% framleiðslunnar í hvoru landi.

Pharmaco samstæðan hyggst sækja inn á nýja markaði og þróa virk efni fyrir Evrópumarkað. Þá er ætlunin að opna nýjar söluskrifstofur á Norðurlöndum og í Mið-Evrópu. Stefnt er að því að vinna frekar að samþættingu samstæðunnar, s.s. í rekstrar-, sölu-, markaðs- og gæðamálum og að innri vöxtur verði að jafnaði 15-20% á ári næstu þrjú ár.

Í stuttu máli sagt er Pharmaco nú eitt stærsta félagið í Kauphöll Íslands. Vöxturinn er hraður og arðsemin góð. Þróunarstarfið er öflugt og sölustarfsemi fer fram í 13 löndum. Mikil framleiðslugeta styður vel við framtíðarvöxt fyrirtækisins. Starfsfólkið er hæfileikaríkt og vinnur eftir vel skilgreindri stefnu og framtíðarsýn. Félagið er því vel undir erlenda samkeppni búið.“



Samsetning atvinnulífsins og líklegar breytingar næsta áratug

Útdráttur úr erindi Páls Skúlasonar, rektors Háskóla Íslands á Iðnþingi

Páll ræddi m.a um stjórnkerfið, hagkerfið og grundvallarþætti hinnar lifandi mannveru sem væri skynjandi, hugsandi og skapandi. Stjórnkerfið væri kerfi þjóðríkisins en rökvísi stjórnmalanna fælist í réttlæti og lýðræði. Fyrirtækin treystu á rökvísi viðskipta- og efnahagslífs en markmið þess væri arðsemi. Menntastofnanir stæðu vörð um rökvísi menningar og félagslífs og menntunin væri afurð þeirra. Þá vék háskólarektor m.a. að tengslum menntastofnana, þ.á m. Háskóla Íslands, og fyrirtækja.

„Í HÍ starfa nú um 1800 kennarar sem flestir hafa aðalstarf annars staðar í þjóðfélaginu. Árlega koma yfir 12 þúsund nemendur á námskeið sem Endurmenntun Háskóla Íslands stendur fyrir og fleira starfsfólk fyrirtækja tengist menntakerfinu bæði sem nemendur og kennarar. Auk þess tengjast mörg rannsóknaverkefni nemenda og kennara fyrirtækjum þannig að bilið milli skóla og fyrirtækja fer stöðugt minnkandi.

Hnattvæðingin einkennir samtímann og hún hefur í för með sér menningarlegar, pólitískar og efnahagslegar breytingar. Með henni hefur orðið bylting í tengslum og samskiptum og aukin eftirspurn eftir menntuðu vinnuafl. Þá hefur skapast markaður fyrir kennslu og rannsóknir. Hnattvæðingunni hefur einnig fylgt rótleysi. Spurningin er hvort við, sem áhorfendur, getum séð heiminn sem heild. Hnattvæðingin hefur einnig haft öryggisleysi í för með sér. Við veltum því líka fyrir okkur hvornig við getum tryggt tilveru okkar í ótryggum heimi. Áhersla á mannaúð hefur aukist en öryggisleysi starfsfólks hefur aukist að sama skapi vegna sífelldra breytinga. Störfum fólks fylgir spennan, álag



Páll Skúlason

og áreiti og leiðindi, kvíði og tómleiki sækja að.

Nemendum í Háskóla Íslands hefur fjölgað að til muna á undanföllum árum. Brautskráðum nemendum hefur fjölgað úr 880 árið 1997 í 1128 í fyrra. Nemendur í Háskóla Íslands eru nú rösklega 8000 af um 14000 alls á háskólastigi eða um 57%. Verði árlegur vöxtur næstu 10 ár sá sami og meðaltal síðastliðinna 5 ára verða nemendur á háskólastigi 33.700 og þar af 19.200 í Háskóla Íslands.

Við sama vöxt verða 23% vinnuafls á Íslandi háskólamenntuð eftir 10 ár. Þeim, sem hafa aflað sér háskólamenntunar, hefur fjölgað úr 11% í 16% á tíu árum en þeim, sem hafa lokið starfs- og framhaldsskólanámi, hefur hins vegar fækkað úr 47 í 42%. Til samanburðar eru 23% Evrópubúa á aldrinum 35-39 ára nú með háskólaþróf en aðeins 16% þeirra sem eru á aldrinum 55-59 ára.

Um helmingur fjölgunar vinnuafls kemur úr röðum háskólamenntaðra manna og kvenna eða um 10.600 manns á sl. tíu árum en þeim, sem hafa lokið starfs- og framhaldsskólanámi, hefur fjölgað um

2.500 manns. Þeim, sem hafa eingöngu lokið grunnmenntun, hefur fjölgað um 9.100 á sama tíma. Við sama vöxt verða háskólamenntaðir starfsmenn rösklega 41.000 að tíu árum liðnum.

Meginverkefni næstu tíu ára verður að tryggja atvinnu fyrir æ betur menntað vinnuafl. Annars verða Íslendingar eftirbátar annarra þjóða og menntafólk flyst af landi brott. Skapa þarf raunverulegt þekkingarþjóðfélag á Íslandi. Framlag Háskóla Íslands verður m.a. uppbygging Vísindagarða í Vatnsmýrinni. Þekkingarþorp eru þyrpingar rannsóknafyrirtækja sem byggja brú milli háskóla og atvinnulífs og auka verðmætasköpun í samfélaginu með því að skapa vettvang og menningu sem eflir nýsköpun og bætir samkeppnishæfni þekkingarfyrirtækja, rannsóknastofnana og háskóla í alþjóðlegu samhengi.

Flestir, sem starfa í vísindagörðum, eru háskólamenntaðir. Í Svíþjóð fjölgaði starfsmönnum í vísindagörðum um 35 þúsund frá árinu 1994 – 2000. Um helmingur fyrirtækja í vísindagörðum verður til við nýsköpun eða hefur þar rekstur. Vaxandi atvinnu er að fá í hugmynda- og hönnunargreinum. Heilsteypt mennta- og rannsóknaumhverfi skapar skilyrði fyrir öflugum þróun í fjölmörgum greinum s.s. á sviði líftækni, upplýsingatækni, sjávarútvegs, heilsu- og heilbrigðisþjónustu, menningar og mennta. Vaxandi atvinna skapast einnig í menntun og menningarstarfi. Íslenskt fræðastarf skapar mikla möguleika t.d. fyrir menningartengda ferðaþjónustu, nám fyrir útlendinga og menningu sem atvinnugrein.

Hvað skiptir máli fyrir okkur sem þjóð, fyrir okkur hvert og eitt og fyrir okkur sem andlegar verur? Við eigum að einbeita okkur að því að skapa gagnsætt og lýð-

framh. bls. 10



Hvernig fáum við erlend fyrirtæki til landsins og hvað er á því að græða?

Útdráttur úr erindi Þórólfs Árnasonar, borgarstjóra á Iðnþingi

Þórólfur sagði m.a. að í nokkur ár hefði verið talað um að alþjóðavæða íslenskt atvinnulíf en einhvern veginn hefðu kandidatar ekki staðið í biðröðum eftir að fá að leggja fé í það. Í fjölda ára hefði helsta fjárfesting erlendra aðila falist í orkufrekum framkvæmdum og það væri yfirleitt hið besta mál en nú beindust sjónir manna frekar að meiri alþjóðavæðingu í íslensku atvinnulífi og hvað við getum gert til að laða að erlenda fjárfestingu jafnt í smáu sem stóru.

„Ég hef nýlokið verkefni sem stóð í 5 ár þar sem erlendur aðili kom að fjárfestingu hér á landi, byggði upp og hætti öllu sínu fé og seldi svo á góðu verði. Um margt mætti líta á það sem vel heppnaða þátttöku erlendra aðila í íslensku efnahagslífi. Við þurfum að spyrja okkur: Af hverju skyldi erlendur aðili vilja fjárfesta hér?

Hinn erlendi fjárfestir hugsar fyrst um sig eins og flestir sem eiga peninga. Hann þarf að gæta að því að áformin falli að fram-tíðarstefnu hans og sjá til þess að það, sem við höfum að bjóða, falli það vel að rekstri hans að hann batni. Hann vill sjá arðbæra framleiðslu, sölumennsku eða þjónustu en síðast en ekki síst örugga útleið því að enginn vill fjárfesta í fyrirtæki ef hann getur ekki sloppið út. Þá þarf að hafa löggjöf um frítt flæði fjármagns og fyrirtækið þarf að vera markaðshæft og seljanlegt sem er mikilvægt þegar hugað er að því að laða að erlenda fjárfestingu.

Erlendur fjárfestir, sem hugleiðir að leggja fé í íslenskt fyrirtæki, spyr margra spurninga. Hann kynnir sér m.a. stjórn-mála- og lagaumhverfið hér á landi og hvort það samrýmist alþjóðlegum reglum, sé öruggt, gagnsætt og einsleitt fyrir alla?



Þórólfur Árnason

Hann kannar hvort hann fær leyfi til að gera það sem hann vill í markaðsmálum og svo mætti lengi telja. Ég held að þeir innlendu aðilar, sem hafa leitað eftir erlendu fjármagni, séu oft á frumkvöðlastiginu, t.d. hugbúnaðarfyrirtæki og nýiðnaður ýmiss konar. Ég held að þessi fyrirtæki þurfi oft að staldra við og spyrja: Hvernig stöndum við okkur sjálfir? Erlendur viðskiptaáðili, sem vill skoða mál, skoðar söguna. Hann spyr hvernig sá innlendi aðili, sem vill draga að fjármagn, hafi staðið sig og hvort hann hafi haft fókus í því sem hann er að gera. Hversu vel hefur honum haldist á hugmyndinni. Er hann ennþá þar sem hann ætlaði að vera? Getur hann staðið við viðskiptaáætlunina sem hann sýndi í bankanum fyrir einu til tveimur árum?

Fjárfestirinn spyr margra spurninga um innviði fyrirtækisins: Hefur hið íslenska fyrirtæki byggt upp tæknilegt grunnkerfi eða tæknilega þekkingu og fagmennsku? Hefur það byggt upp skipulag og verkferla? Er rekstraráætlun fylgt? eru mannaúdstjórnun, hugbúnaður og starfsmannamál í lagi? Hver er starfsmannastefnan? Hvernig laðar fyrirtækið að sér gott starfsfólk?

Hvaða vörupróun mun halda áfram að skapa viðkomandi fyrirtæki framtíðar-tekjur? Var fyrirtækið kannski búið til utan um eina viðskiptahugmynd sem verður aldrei meir? Vörupróunin þarf að taka breytingum og geta uppfyllt væntingar fjárfestanna sem koma að verkinu.

Því miður höfum við oft verið of bjartsýn þegar við höfum farið á fjörur við erlenda fjárfesta og ekki talað um vandamál. Alltaf eru einhver óveðursský í sjónmáli og betra að tala um þau fyrirfram og hafa raunsæjar framtíðarvæntingar. Síðan þarf að horfa mjög vel inn í samkeppnisumhverfi framtíðarinnar. Sem dæmi má nefna lagasetningu, breytt viðhorf og þriðja eða jafnvel fjórða aðila á markaði. Aðalatriðið er að vita hver staðan er, skoða gróft og vera snöggur að álykta. Ef við erum ekki góð sjálf hvernig í ósköpunum ætlum við að sannfæra einhvern annan um að fjárfesta í okkur?”

Erlendum fjárfesti fylgir þekking og ný sýn. Honum fylgir hæfni til að vinna á erlendum mörkuðum og ég er handviss um að þau útrásarfyrirtæki íslensk, sem hafa náð árangri erlendis, hafa ekki síst gert það af því að þau hlusta. Það má læra mikið af þeim sem maður vinnur með. Honum fylgir vinnuálag og agi. Það hefur lengi verið þekkt að vinnuferlar, stundvísi og hröð ákvarðanatáka hafa ekki beinlínis verið sérgrein okkar Íslendinga. Þetta fylgir erlendu fjármagni sem hingað kemur en einnig bankaskilyrði og rekstrarkröfur. Erlendur viðskiptabanki Tals verðlaunaði fyrirtækið í hverjum ársfjórðungi þegar það náði betri árangri. Þeir lækkuðu vextina óumbeðið. Þannig að agi, sem kom með bankaskilyrðunum, bætti rekstur okkar. Þegar ég reyndi að útskýra stjórnarfríð og

framh. bls. 10



Staða Íslands í samfélagi þjóðanna - Hvar verðum við árið 2013?

Útdráttur úr erindi Þorvaldar Gylfasonar, prófessors á Iðnþingi

„Til að vita hvert við stefnum verðum við að vita hvar við stöndum nú? Hvernig mælum við framleiðni og lífskjör og hvernig hafa skattar og skuldir þróast? Svarið er að við stefnum fram á við á flestum sviðum. Ég tel einnig að við stefnum inn í Evrópusambandið með evrunni og öllu saman löngu fyrir árið 2013,“ sagði Þorvaldur í upphafi erindis síns.

„Stöðumatið leiðir mig að þeirri niðurstöðu að m.a. af efnahagsástæðum sé okkur nauðsynlegt að ganga til samstarf við ESB þjóðirnar. Nýjustu tölur um landsframleiðslu á mann á sl. ári, sem eru hinn viðtekni mælikvarði á þann árangur sem þjóðir hafa náð í efnahagsmálum, sýna okkur að Ísland er vel fyrir ofan meðallag en á því verður að hafa nokkurn fyrirvara. Sumar eignir okkar hafa rýrnað. Þar má nefna fiskistofnana sem hafa rýrnað verulega undangenginn mannsaldur. Við höfum einnig vanrækt mannaúðinn með því að verja ekki nægu fé til menntunarmála.

Samkvæmt nýjustu tölum frá OECD eða hagstofnunni verja Íslendingar um 6% af landsframleiðslunni til menntamála en aðrar Norðurlandþjóðir verja milli 7 og 8% af landsframleiðslu til þeirra mála. Þriðji fyrirvarinn varðar erlendar skuldir. Við höfum náð þessari stöðu langt fyrir ofan stöðu OECD landanna með því að safna gríðarlegum skuldum. Uppsveiflan, sem varð í efnahagslífinu 1996–2000, var að miklu leyti knúin áfram af erlendu lánsfé. Fjórtíu og síðasti fyrirvarinn er ekki síst mikilvægur. Þar er skemmst frá því að segja að við þurfum að hafa miklu meira fyrir því að halda uppi háum tekjum hér á landi en þjóðirnar í kringum okkur. Við þurfum einfaldlega að vinna meira til að ná endum saman. Þessi mikla vinna er tímafrek og gerir sum okkar að lakari foreldrum, lélegri kjósendum og svo mætti áfram telja.

Þetta stafar fyrst og fremst af rangri stjórnarstefnu mörg ár aftur í tímann. Við höfum vanrækt menntamálin og það er skammgóður vermir því að sú vanræksla er ekki góðs viti um hagvöxt fram í tímann. Hér á landi er mikil misskipting menntunar milli landshluta. Hlutfall þeirra sem hafa aflað sér æðri menntunar er



Þorvaldur Gylfason

miklu hærra á höfuðborgarsvæðinu en úti á landi og þá slagsíðu þarf að leiðrétta. Þetta er eitt brýnasta verkefni í byggðamálum að minni hyggju. Við leysum ekki vanda byggðanna með því að bora göng. Við reynum að efla byggðirnar með því að efla og bæta menntun fólksins sem býr hringinn í kringum landið.

Ef við tökum landsframleiðsluna og deilum upp í hana með vinnustundafjölda í stað þess að deila í hana með starfsmannafjöldanum þá kemur í ljós að landsframleiðsla á hverja vinnustund, sem er skásti mælikvarði á framleiðni og lífskjör, er nálægt botni OECD landa. Tekjur eru ekki allt. Við verðum að skoða fyrirhöfnina sem að baki býr. Mér sýnist að hér sem um að kenna landlægi óhagkvæmni sem hefur legið eins og mara á efnahagslífi landsins um langt árabil.

Hágengisstefnan brennur mjög heitt á öllum sem keppa við innflutning og stundum útflutning - ekki bara í iðnaði og þjónustu heldur einnig í sjávarútvegi. Gengi íslensku krónunnar hefur að jafnaði verið of hátt skráð mjög lengi að mínum dómi. Þetta hefur staðið vexti utanríkisviðskipta Íslendinga fyrir þrífum. Hágengið bitnar á iðnaði og útflutningi og við sjáum þess nú stað í auknu atvinnuleysi og hætta er á að það eigi enn eftir að aukast á næstu misserum þótt aðsteðjandi stóriðja vegi að nokkru leyti á móti. Annar þáttur vandans er fákeppni sem markar íslenskt efnahagslíf og þrýstir enn á verðlag og vexti þannig að vara og þjónusta eru enn dýrari hér á landi en í nágrennalöndunum og lánsfé er miklu dýrara en það þyrfti að

vera. Forgangsatvinnuvegir halda áfram að vera þungir á fóðrum hvor á sinn hátt og það heldur niðri lífskjörnum í landinu þannig að þjóðartekjur á hverja vinnustund eru miklu lægri en þær þyrftu að vera.

Þá vil ég nefna skort og langvarandi vanrækslu á tveimur mikilvægustu málaflokkum þjóðlífsins sem eru heilbrigðismál og menntamál. Það er ekki bara skortur á fé sem stendur þeim málum fyrir þrífum heldur einnig skortur á frjálsari hugsun t.d. í að leyfa markaðsöflunum að ryðja sér frekar til rúms en þeim hefur verið leyft fram að þessu.

Á undanföllum árum hefur skattbyrðin snarþyngst á Íslandi og meira en í nokkru öðru OECD landi á árunum 1985 til 2002 að Grikklandi einu undanskildu. Skattbyrðin á Íslandi er nú svipuð og á Evrópusambandsvæðinu. Af þessu leiðir að almenningur á heimtingu á að vanrækslunni og fjársveltinu í heilbrigðis- og menntamálum linni.

Síðasta atriðið varðar erlendar skuldir. Heildarskuldir þjóðarbúsins við útlendinga hafa tvöfaldast sl. sjö ár. Þær nema nú 125% af landsframleiðslu. Langtímaskuldir hafa einnig aukist verulega og eru komnar upp undir 100% af landsframleiðslu. Þær eru venjulega besti mælikvarði á þróun erlendra skulda en það er ekki lengur hægt á Íslandi því að menn hafa verið að taka skammtímalán í mjög stórum stíl og þau nema nú 30% af landsframleiðslu. Samkvæmt nýjum tölum frá Seðlabankanum námu þær næstum 140 milljörðum króna um sl. áramót sem er næstum fjórum sinnum meira en gjaldyrisforðinn. Það er ein grundvallarregla í góðri hagstjórn að láta skammtímaskuldir aldrei fara upp fyrir gjaldyrisforðann. Þessi regla hefur verið vanrækt á Íslandi og hún sendir mjög óholl skilaboð til þeirra sem versla með erlendan gjaldyri á mörkuðum hvort heldur hér heima eða í útlöndum. Það ber brýna nauðsyn til að grynna á þessum skuldum og byggja upp gjaldyrisforðann svo að skuldir komist niður fyrir hann á ný. Þá hafa skuldir heimilanna nífaldast á undanföllum árum. Ef gengið er of hátt – eins og núna – hlýtur að koma sá dagur að gengið kolfalli og þá mun vaxtabyrðin þyngjast til muna.

framh. bls. 10

Þorvaldur Gylfason
Framhald af bls. 9



Hvað þurfum við að gera til að auka framleiðni og bæta lífskjör? Við þurfum að styrkja innviði hagkerfisins með því að gera skipulagsbreytingar sem ekki má draga lengur að gera. Veðileyfagjald og umbætur í menntamálum gegna þar lykilhlutverki í mínum huga. Við þurfum einnig að efla hagakvæmni og heilbrigða samkeppni inn á við og utan úr heimi. Ég held að reynsla undangenginna ára sýni okkur að besta og tryggasta leiðin til þess sé einmitt að ganga í ESB til að njóta skjóls af þeirri heilbrigðu samkeppni sem einkennir evrópskt efnahagslíf. ESB-þjóðirnar eru félagsskapur sem við eigum heima í jafnvel þótt einstök atriði í reikningsdæmum, sem menn reiða fram, líti þannig út að við gætum þurft að taka einhverja áhættu með aðildinni. Stöðumatið, sem ég hef gert, sýnir að eina leiðin til þess er að efla samkeppni með því að ganga í ESB."

Páll Skúlason
framh. af bls. 7



ræðislegt stjórnkerfi, alþjóðlegri og öflugri fyrirtæki, auðugri og fjölbreyttari mennta- og menningarstofnanir. Þar með eru aðstæður fyrir fleiri og meiri ævintýri í atvinnu- og menningarlífi á Íslandi." Að lokum brá Páll upp mynd af þyrpingu vísindagarða sem hugmyndin er að reisa í Vatnsmýrinni og benti á að ef fyrstu leigjendur gæfu sig fram núna væri hægt að byrja að byggja í haust og þá gætu fyrstu byggingarnar verð tilbúnar eftir rúmt ár.

Vilmundur Jósefsson
Framhald af bls. 5



Háir vextir í áratug
Allt frá 1994 hefur íslenskt atvinnulíf búið við mun hærri vexti en keppinautar austan hafs og vestan. Seðlabanki Íslands heldur vöxtum enn háum til að halda verðbólgu í skefjum. Það ýtir undir frekari hækkun íslensku krónunnar sem aftur þjarmar að afkomu samkeppnisgreina sem eru drifkrafturinn í efnahagslífi okkar. Vegna himinhárra vaxta hafa fyrirtækin tekið erlend lán til rekstrar og fjárfestinga. Hættan er sú að á byggingartíma virkjana og stóriðju verði háir vextir og hátt gengi íslensku krónunnar til þess að murka lífið úr landvinnslu á fiski, samkeppniðnaði og þjónustu. Þá munum við missa úr landi þá tæknivæddu framleiðslu sem hér hefur verið að þróast undanfarin ár. Það eru útflutningsfyrirtæki með starfsemi erlendis sem forða sér fyrst. Þau eru að efla starfsemi sína erlendis og færa framleiðsluna úr landi um þessar mundir.

Samstillingu vantar

Framundan eru Alþingiskosningar og mestu framkvæmdir Íslandssögunnar. Í senn er vaxandi atvinnuleysi en um leið miklar væntingar um þensluskeið. Ekki má einblína á verðbólguþætti og beita vaxta – og gengisstefnu sem kyrkir atvinnulífið. Á sama tíma og opinberir aðilar boða stórauðin framlög til framkvæmda og flýta þeim sem mest má verða heldur Seðlabankinn uppi stífu aðhaldi með háum vöxtum. Það vantar greinilega samstillingu í efnahagsstjórnina. Við þurfum á samstilltu átaki að halda eigi að vera nokkur von til þess að við komumst klakklaut gegnum þá umbrotatíma sem framundan eru. Þetta verkefni ætti að vera efst á lista yfir umræðuefni fyrir komandi alþingiskosningar."

Þórólfur Árnason
Framhald af bls. 8



hvernig flokkarnir væru sögðu þeir: "I couldn't care less." Þeim stóð algerlega á sama en vildu að þeir yrðu varaðir við þegar eitthvað væri að. Þeir hafa engan áhuga á íslensku samfélagi og er alveg sama hvar á landinu fyrirtækið er skráð en þeir vilja ekki koma á einokun. Þeir vilja að fyrirtækið sé rekið áfram af samkeppni. Þeir verða að fá uppgjör í erlendri mynt og gera enga ríka kröfu um stöðugleika í gengi gjaldmiðils. Þeir vilja ekki ríkisafskipti en þeir vilja reglur, eitthvað sem þeir vita af og þekkja. En hvað getum við gert? Mitt svar er sterkt höfuðborgarsvæði. Það er útvörður atvinnusjálftæðis Íslendinga. Ef við getum ekki skapað fólki vinnu í Reykjavík þá tekst okkur ekki að fara með það eitthvað annað. Það fer bara sjálft – til London, Parísar eða Rómur. Við verðum að bæta innviði rekstrar okkar á öllum stigum, jafnt í opinberum sem einkarekstri. Við verðum að einbeita okkur að því sem tengist sér-stöðu okkar, þekkingariðnaði, líftækni og því sem tengist orkugeiranum og ferða-þjónustu. Við eigum að nýta fámennið og það hraða stjórnkerfi sem hér er. Ég tel að sértækar aðgerðir séu mjög hættulegar en vil ekki útiloka þær. Erlendir fjárfestar vilja nákvæmlega það sama og við, þ.e. öflugt íslenskt og fjölbreytt atvinnulíf. Þeir vilja að við alþjóðavæðumst og kunnum að umgangast erlenda aðila, bæði kaupendur og seljendur og njótum þess besta í hvoru tveggja."



*Þetta blað er að mestu helgað Iðnþingi.
Þar er að finna, á víð og dreif, myndir sem teknar voru
á þinginu og í árshófinu um kvöldið.*




Formleg opnun UT.is



Iðnaðarráðherra, Valgerður Sværissdóttir, ornaði fyrir skömmu nýjan frétt- og upplýsingavef upplýsingatækni-íðnaðar á Íslandi, ut.is. Samtök iðnaðarins, Samtök íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja og aðildarfyrirtæki SI í upplýsingatækni-íðnaði standa að vefnum. Honum er ætlað að vera öflugur frétt- og upplýsingamiðill um upplýsingatækni-íðnað á Íslandi.

UT.is á rætur að rekja til Véfréttarinnar og eldra vefseturs sem gekk undir sama nafni. Hér er um að ræða eina íslenska upplýsinga-tæknivefinn sem fjallar með



markvissum og fjölbreyttum hætti um málefni íslensks upplýsingatækni-íðnaðar og greinir frá markverðustu tíðindum á því sviði.

Vefsetrinu er ætlað að höfða til fjöl-

breyttis hóps, sem hefur áhuga á upplýsingatækni, s.s. starfsmanna í íslenskum UT-íðnaði, námsmanna, fjölmiðlafólks, fjárfesta, stjórnmalamanna og almennings svo að nokkur dæmi séu nefnd. UT.is mun birta nýjustu fréttir úr íslenskum UT-íðnaði og fylgjast grannt með straumum og stefnum í greininni og fjalla um það sem máli skiptir hverju sinni af því tagi.

UT.is safnar því á einn stað efni af öllum UT-fréttamiðlum sem máli skipta innanlands og utan og fylgist með því sem gerist á vefsetrum íslenskra UT-fyrirtækja. Þar að auki greinir vefsetrið frá sem flestum viðburðum tengdum UT-íðnaði hér á landi og birtir enn fremur skemmtilegan fróðleik um tæknisöguna, reglulegar skoðanakannanir, topplista og UT-metsölubækur hjá Amazon auk mola af ýmsu tagi.



Norrænir blikksmíðameistarar funda á Íslandi

Ársfundur Samtaka norrænna blikksmíðjueigenda (Nordisk Blikkenslagermestereforbund) fór fram í Reykjavík í byrjun þessa mánaðar.

Eins og venjulega er þar fjallað um helstu hagsmunamál greinarinnar og ýmis málefni sem horfa til framfara.

Samtökin hafa m.a. beitt sér fyrir um-bótum í viðskiptum við frameiðendur hrá-efnis sem greinin notar við klæðningu húsa og í smíði loftræstikerfa. Miklu skiptir að þetta hráefni uppfylli gæðastaðla svo að ekki komi til krafna frá viðskiptavinum smíðjanna t.a.m. ef klæðning húsa gefur sig. Þetta starf tengist líka sameiginlegri kynningu á möguleikum sem felast í notkun þunnmálma í klæðningu húsa og annarra mannvirkja. Í þeim efnum ber hæst Norrænu arkitektasamkeppnina sem tvímælalaust hefur stuðlað að því að arkitekta hafa aukið notkun þunnmálma við hönnun húsa. Þessi verðlaun eru nú mjög virt meðal norrænna arkitekta.

Fræðslumál eru ætíð ofarlega á baugi á



þessum vettvangi og er þá bæði fjallað um iðnnámið sjálft og hverskonar endurmenntun fagmanna og stjórnenda blikksmíðja.

Ingólfur Sverrisson

Formannsskipti á döfinni hjá SA

Nýr formaður Samtaka atvinnulífsins tekur við embætti eftir aðalfund SA sem haldinn verður 29. apríl nk. en Finnur Geirsson, sem gegnt hefur starfi formanns Samtakanna frá stofnun þeirra árið 1999, hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs nú í vor.

Kjörgengir til formanns SA eru stjórnendur og stjórnarmenn aðildar fyrirtækja og aðildarfélaganna Samtakanna. Breið samstaða myndast meðal forystumanna aðildarfélaganna SA um að leita til Ingimundar Sigurpálssonar, forstjóra Eimskipafélags



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Íslands hf., um að hann gæfi kost á sér til formennsku SA. Ingimundur hefur orðið við þeirri beiðni og er einn um að hafa formlega lýst yfir framboði til formanns Samtaka atvinnulífsins starfsárið 2003-2004. Ingimundur hefur setið í stjórn SA í tvö og hálf ár.

Formaður kosinn í beinni póstköskningu

Samkvæmt 28. gr. samþykktu Samtaka atvinnulífsins skal formaður Samtakanna kosinn árlega í beinni óbundinni póstköskningu allra félaga. Kjörstjórn hefur nú sent út atkvæðaseðla í samræmi við gildandi atkvæðaskrá með áskorun til félagsmanna um köskningu formanns en það skal gert minnst tveimur vikum fyrir aðalfund. Atkvæði í formannskjöri skulu talin á aðalfundi og úrslit tilkynnt þar. Sem fyrr segir verður aðalfundurinn haldinn þriðjudaginn 29. apríl.

Haraldur Dean Nelson

Fyrsti Dagur iðnaðarins á árinu

Dagur iðnaðarins var haldinn laugar- daginn 22. mars. Dagur iðnaðarins er hinn fyrsti af mörgum sem Samtök iðnaðarins ráðgera að halda á þessu ári. Sérhver þeirra verður tileinkaður tiltekinni starfsgrein eða aðildarfélagi SI.





tileinkaður Meistarafélagi bólstrara og fyrirtækjum innan vébanda þess. Velflestir bólstrarar landsins höfðu opið hús þann dag og buðu almenningi að kynna sér handverk sitt og þjónustu og þiggja góð ráð um hvaðeina sem að bólstrun lýtur,

Að þessu sinni var Dagur iðnaðarins

ekki síst endurgerð gamalla bólstraðra húsgagna. Að sögn Hafsteins Sigurbjarnasonar, formanns Meistarafélags bólstrara, tóku félagsmenn á móti fjölda gesta á verkstæðum sínum þann dag.

Í þessum mánuði, fagnar Meistarafélag bólstrara 75 ára afmæli sínu en það var stofnað 20. apríl 1928 í Bankastræti 6 þar sem Kaffi Sólon er nú til húsa. Af því tilefni árna Samtök iðnaðarins félaginu allra heil-la.

Þóra Kristín Jónsdóttir



Nýr og öflugur málmbræðsluofn

Nýlega tók Málmsteypa Þorgríms Jónssonar ehf. í notkun öflugan málmbræðsluofn af gerðinni Inductotherm. Hann bræðir eitt tonn af járn á klukkustund sem er veruleg aukning frá því sem fyrir var.

Með þessum nýja ofni verða töluverðar umbætur á allri aðstöðu við bræðslu máлма og rekstraröryggi eykst til muna. Stærstur hluti framleiðslu fyrirtækisins fer á innanlandsmarkað en það hefur einnig verið að hasla sér völl með útflutningi til álvera í Noregi og Sviss.

Fyrirtækið stefnir að áframhaldandi þróun og hagræðingu á komandi árum með hliðsjón af kröfum í alþjóðlegri samkeppni.

Ingólfur Sværriðsson

„Kaffi bakarans“ til sölu í bakaríum

Félagar í Landssambandi bakameistara hefja um þessar mundir sölu á kaffi sem framleitt er sérstaklega fyrir félagið. Kaffið er framleitt hjá Kaffitári í Njarðvík og pakkað í sérhannaðar umbúðir undir merkinu „Kaffi bakarans.“

Fyrst í stað koma á markað tvær

bragðtegundir, bragðmikið kaffi með expressokeim og meðalbrennt, bragðmildara kaffi. Líklegt er að bragðtegund- um eigi eftir að fjölga.

Kaffið verður eingöngu til sölu í bakaríum félagsmanna Landssambands bakameistara.

Fagmennska í fyrirrúmi

Viðtal við Þorkel Gunnarsson, formann Félags skrudgarðyrkjumeistara

Félag skrudgarðyrkjumeistara er meðal þeirra félaga sem gengið hafa í lið með Samtökum iðnaðarins á þessu ári. Formaður félagsins er Þorkell Gunnarsson, skrudgarðyrkjumeistari.

„Félagið var stofnað árið 1967,“ segir Þorkell. Fram að því höfðu skrudgarðyrkjumenn verið í Félagi garðyrkjufraeðinga eins og aðrir sem lokið hafa prófi frá Garðyrkjuskóla ríkisins. Tildrog þess að þeir stofnuðu eigið félag voru þau að þeir sóttust eftir að skrudgarðyrkja yrði viðurkennd sem löggilt iðngrein en það fékkst ekki nema þeir stofnuðu sérstakt félag þar sem garðyrkjufraeðingar höfðu



ekki hlotið slíka viðurkenningu. Samkvæmt lögum hins nýja félags höfðu allir skrudgarðyrkjumeistarar rétt til að ganga í félagið hvort sem þeir voru með eigin rekstur eða unnu hjá öðrum. Árið 1994 var lögum félagsins breytt og síðan þá hafa aðeins sjálfstætt starfandi meistarar fengið að ganga í félagið. Ástæðan var sú að ekki þótti fara saman að atvinnurekendur og launþegar væru í sama félagi,“ segir Þorkell.

Mikilvægt að starfssviðið sé skilgreint

Að sögn Þorkels er eitt helsta baráttumál félagsins að starfssvið skrudgarðyrkjumeistara verði skilgreint og þar með viðurkennt. „Við höfum gert ítrekaðar tilraunir í þá átt en án árangurs enn sem komið er. Kringum 1980 var fyrst látið reyna á að kæra mann sem ekki var fagmaður en vann sem slíkur fyrir Reykjavíkurborg. Það mál tapaðist á grundvelli þess að ekki fékkst viðurkennt að annað en plöntur og gras féllu undir starfssvið skrudgarðyrkjumeistara. Nú stefnir félagið að því að gera aðra tilraun til að fá verkkaupa til að viðurkenna starfssviðið þannig að engir aðrir en viðurkenndir skrudgarðyrkjumeistarar fái að taka að sér verk á þeirra sviði. Undir það fellur vinna eins og undirbúningur verks á lóð nýbygginga, jarðvegsflutningur, yfirborðsmeðhöndlun, s.s. hellulögn, stígagerð og uppsetning leiktækja og síðast en ekki síst frágangur gróðursvæðis. Þá má einnig nefna ýmiss konar viðhald og umhirðu lóða.“ segir Þorkell.

Fjölbreytt nám

„Við leggjum mikla áherslu á að mennt-

un skrudgarðyrkjumeistara sé sem fjölbreyttust,“ segir Þorkell. Bóklegt nám fer fram í Garðyrkjuskólanum og tekur fjórar annir. Verklegra námið stunda nemendur hjá viðurkenndum skrudgarðyrkjumeistara skv. samningi og tekur alls 17 mánuði. Þeir halda dagbók í 14 mánuði og er hún metin til einkunnar. Nám á skrudgarðyrkjubraut er 144 einingar alls og er láns hæft hjá LÍN. Gert er ráð fyrir að nemandi, sem innritast í Garðyrkjuskólann, sé þegar kominn á námssamning hjá viðurkenndum skrudgarðyrkjumeistara og hafi lokið 12 vikna reynslutíma og hluta dagbókar skyldu. Þá þarf umsækjandi að hafa lokið tveimur til fjórum önnum í framhaldsskóla en heimilt er að meta reynslu úr atvinnulífinu til hluta fornáms á framhaldsskólastigi.

Markmið námsins er að veita fræðslu um undirstöðuatriði við uppbyggingu garða og viðhald þeirra og að nemendur öðlist sem víðtækasta þekkingu á hver skyns gróðri. Þá er mikil áhersla lögð á færni m.a. í hellulögn, hleðslugerð, klippingu trjáa og runna svo og umhirðu þeirra. Nemendur fá líka innsýn í rekstur skrudgarðafyrirtækja en síðast en ekki síst þurfa þeir að standast sveinspróf í greininni.

Skrudgarðyrkjumenn séu með í ráðum



„Við teljum að þessi menntun eigi að tryggja að verk sé vel og fagmannlega unnið og að ekki eigi að þurfa að leggja í kostnað til að lagfæra það sem aflaga hefur farið vegna þess að fagmannleg vinnubrögð voru ekki höfð að leiðarljósi. Við teljum að hafa beri skrudgarðyrkjumeistara með í ráðum frá upphafi þegar hið opinbera ræðst í gerð mannvirkis. Þess vegna leggjum við ríka áherslu á að ábyrgð okkar verði skilgreind og að eftirlit með undirbúningi og vinnu við lóðarframkvæmdir á vegum hins opinbera verði aukið. Umfram allt viljum við hafa fagmennsku í fyrirrúmi,“ segir Þorkell Gunnarsson.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri Samtaka iðnaðarins www.Meistarinn.is og á vefsetri skrudgarðyrkjumeistara www.meistari.is

Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nýir félagsmenn

G.A.P. sf. Eikjuvogi 25 104 Reykjavík	Gunnar Þór Hannesson Sogavegi 88 108 Reykjavík
Garðmenn ehf. Skipasundi 83 104 Reykjavík	Björn og Guðni hf. Hesthálsi 15 110 Reykjavík
Handgert ehf. Sæviðarsundi 102 104 Reykjavík	Jóhannes S. Guðbjörnsson Deildarási 2 110 Reykjavík
Lystigarðar ehf. Skipasundi 49 104 Reykjavík	Jón Ingvar Jónsson Látraströnd 40 170 Selfjarnarnesi
Garðtækni sf. Barmahlíð 52 105 Reykjavík	Hjörtur Jóhannsson Huldubraut 21 170 Selfjarnarnesi
Garðyrkjubjónustan ehf. Bólstaðarhlíð 35 105 Reykjavík	Garðyrkja ehf. Helluhrauni 4 220 Hafnarfirði
Grásteinn ehf. Neshaga 5 107 Reykjavík	Garðsteinn ehf. Blikastíg 10 225 Bessastaðahreppi
Birgir Eiríksson Háaleitisbraut 121 108 Reykjavík	Guðmundur Ágúst Magnússon Huldahlíð 44 270 Mosfellsbæ



Smærri þjóðir hafa hagnast mest á ESB aðild

Reynsla smærri ríkja innan ESB hefur verið mjög góð. Vitnisburður þeirra hefur verið á einn veg, ESB aðild hefur gefist mjög vel. Henni hefur fylgt minni vaxtakostnaður, lægra verðlag og meiri stöðugleiki en fyrir aðild. Stjórnálagssamstarfið innan ESB hefur einnig verið árangursríkt og smærri þjóðirnar hafa haft burði og getu til að vernda hagsmuni sína og hafa áhrif á sameiginlega stefnumótun.

Rannsóknir benda til að hagur smærri ríkja af ESB aðild og myntsamstarfinu hafi verið mikill. Lægri vextir og stöðugt gengi hafa hjálpað fyrirtækjum að auka viðskipti og samstarf á hinum sameiginlega markaði og aukið kaupmátt heimilanna sem hefur leitt til meiri sparnaðar, fjárfestinga og útflutnings. Þetta birtist í því að framleiðslugeta ríkjanna hefur aukist hratt. Framleiðslugeta er vaxtarferill landsframleiðslunnar sem samræmist verðstöðugleika. Það er einnig nefnt sjálfbær hagvöxtur.

Undanfarinn áratug hefur OECD lagt mikla vinnu í að búa til aðferðafræði til að reikna út framleiðslugetu allra aðildarríkja á sambærilegan hátt. Þessar tölur eru notaðar við að meta raunverulegan feril framleiðslunnar. Algengt er að landsframleiðslan víki örfá prósentustig frá framleiðslugetunni. Ef framleiðslan er umfram framleiðslugetuna leiðir það til spennu í hagkerfinu og hækkunar launa og verð-

lags. Ef framleiðslan er minni en framleiðslugetan eykst atvinnuleysi og framleiðslutæki eru vannýtt. Slíkur slaki leiðir til þess að verð og laun standa í stað eða lækka. Markmið hagstjórnar er að framleiðslugetan aukist og að landsframleiðslan fylgi þeim ferli. Það er hámarkun hagvaxtar við skilyrði jafnvægis í efnahagslífinu.

Mynd 1 sýnir framleiðslugetu valinna ríkja. Þar kemur í ljós að framleiðslugeta íslenska hagkerfisins jókst um 34% frá 1990 til 2002 sem er svipað og það sem norska hagkerfið áorkaði. Á sama tíma juku fimm stærstu ríki ESB (Bretland, Frakkland, Ítalía, Spánn og Þýskaland) framleiðslugetu sína um 37% og Bandaríkin um 48%. En þau ríki sem stóðu sig best voru átta smærri ríki ESB (Austurríki, Belgía, Danmörk, Finnland, Holland, Írland, Portúgal og Svíþjóð) en framleiðslugeta þeirra jókst að meðaltali um 54%. Þá er mikill vöxtur framleiðslugetu þessara ríkja á síðari hluta tíunda áratugarins sláandi en þá var mynt- og efnahagssamstarfið komið í fastari skorður. Við það má bæta að þjóðhagslegur sparnaður ESB ríkjanna jókst en minnkaði héraendis.

Mynd 2 sýnir að útflutningur sem hlutfall af landsframleiðslu jókst nokkuð í Bandaríkjunum sem hafa lágt hlutfall utanríkisverslunar vegna stærðar sinnar. Fimm stærri ríki ESB juku einnig hlutfall sitt úr um 33% í 38%. En langmest var aukning útflutnings hjá tíu smærri ESB ríkjunum (að viðbættum Grikklandi og Lúxemborg).

Frá 1980 til 2002 jókst útflutningshlutfall þessara ríkja yfir 50% en stóð í stað á Íslandi og Noregi á sama tíma. Aukning útflutnings smærri ESB ríkja var áberandi mikil á síðari hluta tíunda áratugarins. Það er jafnframt athyglivert fyrir þær sakir að framleiðsla þessara ríkja jókst einnig mjög mikið á þeim tíma. Þessi árangur smærri ríkja ESB sýnir berlega jákvæð áhrif sameiginlega markaðarins fyrir efnahagsframvindu þeirra. Á hinum sameiginlega markaði er markvisst unnið að því að útrýma viðskiptahindrunum en upptaka evrunnar er stórt skref í þá átt. Evran hefur stórbætt aðstöðu fyrirtækja í þessum ríkjum við sókn inn á hinn sameiginlega markaði. Árangur þeirra á komandi árum mun eflaust endurspegla það.

Á meðan Ísland stendur utan ESB og myntsamstarfsins munu fyrirtæki í sameiginlegum greinum þurfa að þola hátt vaxtastig, gengissveiflur og oft en ekki hátt raungengi. Þótt stóriðjuáform lyfti útflutningshlutfallinu og auki framleiðslugetuna, eins og gerðist í lok tíunda áratugarins, er viðbúið að vaxtarhraðinn haldist minni en hjá smærri ESB ríkjunum. Þá er viðbúið að skuldsetning þjóðarþúsins komi til með að hafa letjandi áhrif á hagvöxt til lengri tíma lítið.

Dorsteinn Þorgeirsson